

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á ellilífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Undantekningar eru þó greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslurétt frá Tryggingastofnun. Búseta á Íslandi í 40 ár á aldrinum 16-67 ára veitir fullan rétt.

Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar ellilífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar									
Réttindi	Upphæðir		Almennt frítekjumark ¹		Sérstakt frítekjumark atvinnutekna ²		Skerðingarhlutfall tekna yfir frítekjumörkum	Greiðslur falla niður við tekjumörk	
	á mán.	á ári	á mán.	á ári	á mán.	á ári		á mán.	á ári
Ellilífeyrir	266.033	3.192.396	25.000	300.000	100.000	1.200.000	45%	616.184	7.394.213
Heimilisuppbót	67.225	806.700	25.000	300.000	100.000	1.200.000	11.9%	589.916	7.078.992
Hálfur ellilífeyrir	133.017	1.596.204	325.000	3.900.000			45%	620.593	7.447.120
Hálf heimilisuppbót	33.613	403.356	325.000	3.900.000			11.9%	607.462	7.289.546
Orlofs- og desemberuppbót ³		100.315					2%		
Uppbót á lífeyri ⁴								261.773	3.141.270
Uppbót vegna reksturs bifreiðar ⁵	18.421	221.052						616.184	7.394.213
Ráðstöfunarfé	79.859	958.308					65%	122.860	1.474.320

¹ **Almennt frítekjumark:** Hægt er að nýta það fyrir allar tekjur, þ.á.m. fyrir atvinnutekjur

² **Sérstakt frítekjumark atvinnutekna:** Bættist við almenna frítekjumarkið en á einungis við um atvinnutekjur. Ef bæði frítekjumörkin eru nýtt að fullu hækkar fjárhæðin sem greiðslur falla niður við um fjárhæð sérstaka frítekjumarksins vegna atvinnutekna, þ.e. um 1.200.000 kr. á ári.

³ **Orlofs- og desemberuppbót** er alls 100.315 kr. - Þeir sem fá greiddan hálfan ellilífeyri fá 50% fjárhæðarinnar - og greiðist 40% upphæðarinnar 1. júlí og 60% upphæðarinnar 1. desember. Greiðslan skerðist um 2% af tekjum lífeyrisþega uns hún fellur niður.

⁴ **Uppbót á lífeyri:** Getur verið 5-140% af lífeyri. Heimild til greiðslu uppbótar er bundin við að heildartekjur, þ.e. skattskyldar tekjur að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, séu undir viðmiðunarmörkum sem eru lægri en óskertur ellilífeyrir. Uppbót fellur niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi og 8 milljónir hjá hjónum. Uppbót á lífeyri er skattfrjáls greiðsla.

⁵ **Uppbót vegna reksturs bifreiðar:** Er greidd á grundvelli hreyfihömlunarmats og er skattfrjáls greiðsla.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is. Þar má einnig finna reiknivél lífeyris þar sem hægt er að setja inn forsendur til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Rafræn samskipti á milli lífeyrisþega og TR fara fram á Mínum síðum, þar er einnig hægt að fylla út umsóknir og tekjuáætlun.

Mælt er fyrir um útreikning lífeyris í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 og uppbóta í lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.